

8 – 10 bekkur grunnskóla

Um fræðsluna

Innkaup og neysla í 100 ár – Ókeypis rúta fyrir grunnskóla í Reykjavík.

Sýningin Neyzlan varpar ljósi á örar breytingar á neysluháttum á 20. öld. Markmið heimsóknarinnar er að beina sjónum að eigin neyslu, sóun og áhrifum mannsins á umhverfið. Nemendur vinna hópverkefni sem eflir skapandi og gagnrýna hugsun í afslöppuðu umhverfi.

Markmið heimsóknar

- að nemendur öðlist skilning á neysluhringrásinni í gegnum þær sögulegu upplýsingar sem á sýningunni eru og geri þannig samanburð á fortíð og nútíð.
- að hvetja nemendur til að taka ábyrga afstöðu til eigin neyslu og þeir geri sér grein fyrir áhrifum óheftrar neyslu.

Hvað ætlum við að gera?

Við komu á safnið er nemendum skipt í hópa fyrir verkefnið. Hver hópur fær úthlutað spjaldi með ákveðnu tímabili á sýningunni og unnið er út frá því og borið saman við önnur tímabil. Nemendur fá verkefnið, blöð til að skrifa á og skriffæri afhent á safninu.

- Starfsmaður safnsins tekur á móti hópnum á Árbæjarsafni.
- Kynning og skipting í hópa.
- Nemendur vinna hópverkefni og kynna niðurstöður sínar hvor fyrir öðrum.
- Samantekt og umræður.
- Ætlast er til þess að kennarar taki virkan þátt í heimsókninni með því að hvetja nemendur áfram í vinnu sinni, hjálpa þeim og ganga á milli hópa.

Hópastærð

Einn grunnskólabekkur.

Tímalengd

50-60 mín.

Rusl

Ef hópar eru með nesti þarf að bóka tíma fyrir nesti um leið og heimsókn er bókuð til að forðast árekstra við aðra hópa. Taka þarf allt rusl með sér eftir heimsókn.

Seinkun

Ef hópnum seinkar, vinsamlegast látið strax vita, annaðhvort á safnfraedsla@reykjavik.is eða í síma: 411-6300.

Tengingar við Aðalnámskrá

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
• rætt á gagnrýninn hátt, framleiðslu, flutning og förgun

**Borgarsögusafn
Reykjavíkur**

GRUNNSKÓLAR

efna. (Náttúrugreinar: heilbrigði umhverfisins)
• sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
(Samfélagsgreinar: reynsluheimur)
• séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
(Samfélagsgreinar: reynsluheimur)

Umsjónarskylda

Það er mikilvægt að kennarar og stuðningsaðilar, sem starfa með nemendum að öllu jöfnu, komi með í heimsóknina og taki virkan þátt í henni því þeir þekkja þarfir nemenda best.